

Bæjarráð 28. maí 2019

Tillaga Garðabæjarlistans um að Stjarnan geri grein fyrir jafnréttisstefnu í stefnu og skipulagi félagsins.

Bæjarráð samþykkir að Stjórnunni beri skylt að útlista stefnu félagsins í jafnréttismálum, þar á meðal að félaginu sé skylt að vera með virka kynjajafnréttisáætlun og þar sé skilgreind aðgerðaráætlun í útgefnum gögnum frá félaginu.

Greinargerð

Í gögnum sem Stjarnan lagði fram á fundi bæjarráðs, varðandi stefnu og skipulag félagsins er hvergi komið inn á jafnréttisstefnu félagsins. Samkvæmt viðmiðum í fyrri samningum við félagið ber Stjórnunni skylda að fylgja þeirri stefnu sem sveitafélagið vinnur eftir. Sveitafélagið getur með þessu móti sett viðmið um mikilvægi þess að hafa inni mannréttindar og jafnréttisáætlanir í þeim samningum sem sveitarfélagið gerir við aðildarfélög. Stjarnan er eitt af andlitum Garðabæjar og ætti það að vera krafa sveitafélagsins að ímynd félagsins út á við sé í takt við þá stefnu sem bærinn setur sér í jafnréttismálum. Þar má meðal annars nefna að unnið sé að því að kynjahlutföll í stjórnnum félagsins sé sem jafnast og að í ímynd félagsins út á við s.s. í auglýsingum á vegum félagsins sé báðum kynjum gert jafn hátt undir höfði.

Sara Dögg Svanhildardóttir
varabæjarráðsfulltrúi